



**AKUREYRARBÆR**  
Skipulagsdeild

Umhverfisráð  
Geislagoðu 9  
600 Akureyri

AKUREYRARBÆR	
Mótt.::	08.02.2013
Málsnr.:	201302 0063
Lykill:	11-001

Akureyri, 7. febrúar 2013  
2012070028 09-201

**Efni:** Beiðni um umsögn á skipulagslýsingu fyrir athafna-, verslunar- og þjónustusvæði við Miðhúsabraut – Súluveg, Akureyri.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur þann 5. febrúar 2013, samþykkt að auglýsa skipulagslýsingu fyrir athafna-, verslunar- og þjónustusvæði við Miðhúsabraut – Súluveg.

Skipulagssvæðið sem um ræðir er við Súluveg og efsta hluta Þingvallastrætis á Akureyri. Annars vegar er áformuð breyting á Aðalskipulagi Akureyrar 2005-2018 þar sem gert verður ráð fyrir tveim nýjum landnotkunarreitum við Súluveg vestan Þingvallastrætis en hins vegar gerð deiliskipulags fyrir sama svæði þar sem gert er ráð fyrir áfyllingastöð fyrir metan.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 er hér með óskað eftir umsögn Umhverfisráðs um ofangreinda skipulagslýsingu. Umsögn þarf að berast í síðasta lagi 13. mars 2013.

Virðingarfyllst,

f.h. skipulagsstjóra

*Anna Braga*  
Anna Bragadóttir  
verkefnastjóri skipulasmaða



## Fylgigögn

Athafna-, verslunar- og þjónustusvæði við Miðhúsabraut - Súluveg, skipulagslýsing

**SKIPULAGSDEILD**

Geislagoðu 9 - 600 Akureyri - Sími 460 1000 - Fax 460 1111 - [www.akureyri.is](http://www.akureyri.is) - Kt.: 410169-6229

**Athafna-, verslunar- og þjónustusvæði við  
Miðhúsabraut – Súluveg**

**Breyting á aðalskipulagi  
Deiliskipulag**

**Lýsing**

16. janúar 2013

Skipulagsdeild Akureyrar



**TEIKNISTOFA  
ARKITEKTA**  
GYLFÍ GUDJÓNSSON  
OG FÉLAGAR ehf  
arkitektar fai

## Efnisyfirlit

---

<b>1.</b>	<b>Viðfangsefni.....</b>	<b>3</b>
1.1	Aðalskipulagsbreyting.....	3
1.2	Deiliskipulag.....	4
1.3	Markmið .....	5
<b>2.</b>	<b>Skipulagssvæði .....</b>	<b>6</b>
<b>3.</b>	<b>Helstu forsendur.....</b>	<b>7</b>
3.1	Staðhættir.....	7
3.2	Athafnasvæði iðnfyrirtækja og steypustöðvar .....	7
3.3	Áfyllingarstöð Norðurorku .....	8
3.4	Tengsl við aðrar áætlanir .....	8
3.4.1	Aðalskipulag.....	8
3.4.2	Deiliskipulag.....	9
3.4.3	Náttúruminjaskrá .....	9
3.4.4	Velferð til framtíðar .....	9
<b>4.</b>	<b>Áherslur skipulagsnefndar .....</b>	<b>10</b>
<b>5.</b>	<b>Áhrifamat - umhverfisskýrsla.....</b>	<b>11</b>
5.1	Skipulagskostir .....	11
5.1.1	Aðalskipulagsbreyting.....	11
5.1.2	Deiliskipulagskostir .....	11
5.2	Tengsl við aðrar áætlanir .....	12
5.3	Áhrifavaldar og umhverfisþættir.....	12
5.4	Viðmið og umhverfisverndarmarkmið.....	12
<b>6.</b>	<b>Skipulagsferli.....</b>	<b>13</b>
6.1	Kynning og samráð .....	13
6.2	Tímaáætlun .....	13

# 1. VIÐFANGSEFNI

---

Skipulagssvæðið sem um rædir er við Súluveg og efsta hluta Þingvallastrætis á Akureyri. Í Aðalskipulagi Akureyrar 2005-2018 er það skilgreint sem óbyggjt land. Jafnframt er þar gert ráð fyrir breyttum gatnamótum Miðhúsabrautar og Þingvallastrætis, sem hefur áhrif á nýtingu svæðisins frá því sem nú er. Hluti svæðisins er óbyggður og gefur það kost á nýrri starfsemi.

Verkefnið verður unnið á tveim skipulagsstigum. Annars vegar er áformuð breyting á Aðalskipulagi Akureyrar 2005-2018 þar sem gert verður ráð fyrir tveim nýjum landnotkunarreitum við Súluveg vestan Þingvallastrætis en hins vegar gerð deiliskipulags fyrir sama svæði. Lýsing skipulagsverkefnisins á við bæði skipulagsstigin til einföldunar fyrir almenning og umsagnaraðila þar sem viðfangsefnin og lausn þeirra eru nátengd.

Meginviðfangsefni skipulags:

- a) Norðurorka hf. fyrirhugar að vinna metangas til eldsneytisnotkunar á sorpurðunarstaðnum á Glerárdal. Leiða á hauggas frá urðunarstaðnum um hauggaslögn að hreinsistöð sem staðsett verður á lóð Norðurorku við heitavatnstankinn við Súluveg. Frá hreinsistöðinni verður metangas leitt um metangaslögn að áfyllistöð norðan gatnamóta Súluvegar og Miðhúsabrautar. Skilgreina þarf landnotkunarreit í þessu skyni í aðalskipulagi og vinna deiliskipulags svæðisins.
- b) Ekki er gert ráð fyrir athafnasvæði steypustöðvar og fleiri fyrirtækja, sem verið hafa á bökkum Glerár um árabil, í gildandi aðalskipulag Akureyrar. Nú er áformað að nýta hluta bygginga á lóðinni áfram en steypustöðin mun víkja af svæðinu 2016. Í þessu skyni er nauðsynlegt að breyta aðalskipulagi þannig að gert verði ráð fyrir athafna- og iðnaðarstarfsemi á hluta svæðisins auk þess sem vinna þarf deiliskipulag svæðisins.
- c) Lega og útfærsla gatnamóta Miðhúsabrautar og Þingvallastrætis. Hugsanlegt er að gerð verði breyting á gatnamótunum frá gildandi að alskipulagi. Útfærsla gatnamótanna verður síðan unnin nánar í deiliskipulagi.

Í upphafi verks er umsagnaraðilum og almenningi gefinn kostur á að leggja fram sjónarmið og ábendingar sem gætu komið að gagni við gerð skipulagsins í samræmi við ákvæði 30. og 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

## 1.1 AÐALSKIPULAGSBREYTING

Skilgreindir verða tveir nýir samliggjandi landnotkunarreitir, annar fyrir fjölbreytta athafna- og iðnaðarstarfsemi en hinn fyrir áfyllingarstöð Norðurorku.

Aðalskipulagsbreytingin verður sett fram á hefðbundnu breytingarblaði þar sem gerð verður grein fyrir nágildandi aðalskipulagi og breyttu skipulagi í mælikvarðanum 1:10.000 ásamt stuttri greinargerð og mati á áhrifum breytingarinnar á umhverfi og samfélag.

### ATHAFNASVÆÐI

Skilgreindur verður nýr landnotkunarreitur á meginhluta lóðar núverandi steypustöðvar og fleiri fyrirtækja. Á svæðinu hefur verið steypustöð um árabil. Þar eru verksstæðisbyggingar, skrifstofuhús og athafnasvæði ásamt mannvirkjum steypustöðvarinnar.


Í aðalskipulagi er gert ráð fyrir að legu tengibrauta verði breytt þannig að Miðhúsabaut og Hlíðarbraut tengist beint en Þingvallastræti mæti þeim í T-gatnamótum. Afmörkun athafnasvæðisins mun taka mið af breyttum tengibrautum.

### SVÆÐI FYRIR VERSLUN OG ÞJÓNUSTU

Skilgreindur verður nýr landnotkunarreitur á þríhyrndu svæði milli núverandi lóðar Malar og Sands (áður BM-Vallár), Súluvegar og Miðhúsabrautar fyrir áfyllingarstöð Norðurorku.

## GATNAKERFI

Í skipulagsvinnunni verður lega gatnamóta Þingvallastrætis og Miðhúsabrautar yfirfarin og endurmetin. Í gildandi aðalskipulagi er gert ráð fyrir gatnamótum þar sem Þingvallastræti tengist inn á Miðhúsabraud, sem síðan mætir Hlíðarbraut með samfelldri veglinu til norðurs. Nú mynda Þingvallastræti og Hlíðarbraut samfellda veglinu sem Miðhúsabraud tengist inn á (bráðabirgða-útfærsla). Til greina kemur að hringtorg verði á gatnamótunum og gæti það haft áhrif á legu gatnamótanna. Hringtorg gæti legið nær núverandi gatnamótum en það felur í sér minni og ódýrari breytingar frá núverandi stöðu. Á aðalskipulagsuppdrætti sést núverandi lega gatna á grunnkorti (bakgrunni) skipulagsuppdráttarins. Útfærsla gatnamóta, t.d. hvort þar verði hringtorg eða venjuleg gatnamót, er ekki sýnd í aðalskipulagi heldur er hún útfærð á deiliskipulagsstigi.



Mynd 1.1. Aðalskipulag Akureyrar 2005-2018.

## 1.2 DEILISKIPULAG

Gerð verður tillaga að deiliskipulagi landnotkunarreita norðan Súluvegar sbr. kafla 1.1. Þar verður gerð grein fyrir lóðamörkum, aðkomuleiðum, byggingarreitum, nýtingarhlutfalli og öðrum þeim ákvæðum, sem ástæða verður til að skilgreina í deiliskipulagi. Gatnamót og vegsvæði Þingvallastrætis og Miðhúsabrautar verða innan skipulagsmarka og útfærsla þeirra ákveðin í deiliskipulagi í samræmi við breytt aðalskipulag (sbr. kafla 1.1). Sjá mynd 1.1.

Í deiliskipulagi verður gerð grein fyrir eftirtoldum svæðum:

- Athafnasvæði eða svæði fyrir verslun og þjónustu við Súluveg, áfyllingarstöð fyrir metangas.
- Athafnasvæði á meginhluta lóðar Malar og sands. Gert verður ráð fyrir fjölbreyttri starfsemi s.s. verkstæðum og endurvinnslu sem ekki hefur neikvæð áhrif á umhverfið.
- Opin, óbyggð svæði meðfram Glerá og á hluta lóðar núverandi steypustöðvar.
- Umferðarmannvirki. Lega tengibrautanna og útfærsla gatnamóta Þingvallastrætis og Miðhúsabrautar.

Svæðið liggur að Glerá sem er á náttúruminjaskrá og verður hluti óbyggðs svæðis innan þeirra marka.

### 1.3 MARKMIÐ

Markmið með **afmörkun nýs athafnasvæðis** er að skilgreina nýtingarmöguleika núverandi iðnaðarsvæðis og marka því stöðu í skipulagi til framtíðar. Afmörkun svæðisins verður endurskoðuð þar sem hluti svæðis, sem nú er nýtt undir steypustöð, verður opið, óbyggt land auk þess sem lóðamörk verða færð fjær Glerá þannig að bakkar hennar verði utan lóðar.

Markmið með **uppsetningu áfyllingarstöðvar** fyrir metan er að gera íbúum Akureyrar og öðrum kleift að velja innlent eldsneyti á ökutæki, hvort sem er einkabíla eða atvinnutæki, sem hefur mun minni neikvæð áhrif á umhverfið en bensín og díselolía. Metanknúnum einkabílum hefur fjölgað síðstu árin. Sú fjölgun hefur að mestu einskorðast við höfuðborgarsvæðið þar sem metan hefur einungis verið fáanlegt þar. Á Glerárdal er urðunarstaður sem lokað var árið 2010. Norðurorka stefnir á að nýta það jarðgas sem þar finnst sem eldsneyti. Fyrirhugð staðsetning áfyllingarstöðvar miðast annars vegar við að halda lagnaleiðum frá upphafsstað stuttum og hagkvæmum og hins vegar að tryggja auðvelt aðgengi viðskiptavina frá megingatnakerfi bæjarins.

Markmið með **endurskoðun á legu og útfærslu gatnamóta** Miðhúsabrautar og Þingvallastætis er að bæta umferðaröryggi á svæðinu jafnframt því að gera gatnakerfið greiðfærara. Í skýrslu „Athugun á þörf fyrir lagningu Dalsbrautar sunnan Þingvallastrætis“ frá mars 2010, unnin af Eflu verkfræðistofu, kemur fram að: „*Til að þjónusta núverandi umferð og mæta umferðaraaukningu í framtíðinni er mikilvægt að bæta gatnamót Þingvallastrætis og Miðhúsabrautar sem fyrst. Hringtorg myndi henta vel þar.*“

## 2. SKIPULAGSSVÆÐI



Mynd 2.1 Skipulagssvæðið.

Skipulagssvæði deiliskipulagsins afmarkast af Glerá í vestri, norðurjaðri Þingvallastrætis til norðurs, svæði umhverfis dælustöð vatnsveitu og lóð Mjólkursamsölunnar í suðaustri og Súluvegi í suðri. Suðurmörk eru rétt sunnan núverandi athafnasvæðis.

Svæðið er í gildandi aðalskipulagi merkt sem óbyggt svæði þar sem stefnt var að því að núverandi starfsemi viki af svæðinu. Á svæðinu er steypustöð, verkstæðisbyggingar og athafnasvæði. Fyrir liggja gildandi lóðarsamningar um þann hluta skipulagssvæðisins. Utan lóðar er gamalt vegstæði neðsta hluta Súluvegar og óbyggt svæði milli þess og núverandi gatna.

## 3. HELSTU FORSENDUR

### 3.1 STAÐHÆTTIR


Allt skipulagssvæðið er raskað land. Mörk svæðisins eru að hluta í Glerá en árgilið er á náttúruminjaskrá. Bökkum árinnar hefur einnig verið raskað.




Mynd 3.1 Hamburger Camp og fjárrétt Akureyringa í september 1942. Mynd: National Archives USA.



Mynd 3.2 Möl og sandur hf. i júní 1994. Svipað sjónarhorn og á myndinni frá 1942. Mynd: ÁÓ



Mynd 3.3 Glerá í júlí 2009.



Mynd ÁÓ Mynd 3.4 Glerá í júlí 2009.

Mynd ÁÓ.

Aðstæður á skipulagssvæðinu eru tvenns konar. Annars vegar er athafnasvæði steypustöðvarinnar sem nær frá gamla Súluveginum fram á bakka Glerár en hins vegar götustæði aðliggjandi gatna, þ.e. eldri og núverandi Súluvegar, Miðhúsabrautar og Þingvallastrætis ásamt óbyggðum grónum svæðum milli þeirra og næstu lóða.

#### FORNMINJAR

Engar skráðar fornminjar eru á innan skipulagsmarka. Vestan Glerár er skráður minjastaður Ey-297:009 – rétt, sem víesar til réttarinnar í Réttarhvammi, sem fyrir löngu er horfin undir fyllingar. Norðan skipulagssvæðisins er skráður minjastaður Ey-297:022 – brú. Þar er árgilið þróngt enda nýtt sem brúarstæði enn í dag (göngubrú).

### 3.2 ATHAFNASVÆÐI ÍÐNFYRIRTÆKJA OG STEYPUSTÖÐVAR

Athafnasvæðið einkennist af verkstæðisbyggingum og mannvirkjum steypustöðvarinnar ásamt útisvæðum, geymslusvæðum og malarhaugum. Meginhluti svæðisins er um 5 m neðan við aðliggjandi götur og nær það fram á árbakkann. Aðkoma er að efri hæð verkstæðisbyggingar í hæð

við gatnakerfið og er núverandi bílaaðkoma að lóðinni frá Miðhúsabraut, sitt hvorum megin við innkeyrslu á lóð Mjólkursamsölunnar handan götunnar.

### 3.3 ÁFYLLINGARSTÖÐ NORÐURORKU

Stefnt er að því að áfyllingarstöð Norðurorku fyrir metangas, sem unnið verður úr hauggasi frá gömlu sorphaugunum á Glerárdal, verði á þríhyrndu svæði milli Súluvegar, Miðhúsabrautar og gamla götustæðis Súluvegar. Líklegt er að aðkoma verði frá Súluvegi inn á svæðið úr suðri.

Um 170 m eru í næstu íbúðabyggð frá fyrirhugaðri áfyllingarstöð og Glerá/Glerárgil, sem er á Náttúruminjaskrá, er í rúmlega 100 m fjarlægð.

Engin verndarákvæði eða aðrar takmarkanir á landnokun eru á svæðinu. Ekki er fyrirséð að áfyllingastöð hafi áhrif á aðrar áætlanir.

### 3.4 TENGSL VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR

#### 3.4.1 AÐALSKIPULAG

Ekki er gert ráð fyrir neinum landnotkunarreitum á svæðinu sem hér um ræðir í Aðalskipulagi Akureyrar 2005-2018.

Eftirfarandi almenn ákvæði aðalskipulagsins eiga við svæði fyrir verslun og þjónustu, athafnasvæði og iðnaðarsvæði í aðalskipulagi (kaflar 4.5, 4.6 og 4.7).

Á **verslunar- og þjónustusvæðum** skal fyrst og fremst gera ráð fyrir verslunum og þjónustustarfsemi sem þjónar viðkomandi hverfi eða bæjarhluta. Þar sem aðstæður leyfa má gera ráð fyrir íbúðum á verslunar- og þjónustusvæðum, sérstaklega á efri hæðum bygginga.

Á **athafnasvæðum** skal fyrst og fremst gera ráð fyrir atvinnustarfsemi þar sem lítil hætta er á mengun, s.s. léttum iðnaði, vörugeymslum, hreinlegum verkstæðum, umboðs- og heildverslunum og annarri þeirri starfsemi sem fellur að byggðarmynstri og landnotkun á slíkum svæðum. Einnig má þar gera ráð fyrir verslunum með rýmisfrekan varning s.s. bílasöлum, byggingarvöruverslunum eða húsgagnaverslunum, sérhæfðum verslunum sem þjóna ákvæðnum atvinnugreinum (t.d. iðngreinum, útgerð o.p.h.) og verslunum sem selja eigin framleiðsluvöru á framleiðslustað (t.d. bakari). Önnur matvöruverslun og smásöluverslun verður almennt ekki heimiluð á athafnasvæðum heldur beint í miðbæ og á verslunar- og þjónustusvæði. Íbúðarbyggð er ekki heimil á athafnasvæðum.

Á **iðnaðarsvæðum** skal fyrst og fremst gera ráð fyrir umfangsmikilli iðnaðarstarfsemi eða starfsemi sem er talin geta haft mengun í för með sér, s.s. verksmiðjum, virkjunum, tengivirkjum, veitustöðvum, skólpdælu- og hreinsistöðvum, birgðastöðvum fyrir olíur og móttökustöðvum fyrir úrgang. Íbúðir eru ekki heimilar á iðnaðarsvæðum.

Á þessu stigi er ekki stefnt að því að á svæðinu verði umfangsmikil iðnaðarstarfsemi, sem gæti haft mengun í för með sér. Hugmyndir eru um starfsemi á sviði endurvinnslu, sem ekki er talið að hafi neikvæð áhrif á umhverfið. Við gerð deiliskipulagsins verður metið hvort starfsemin gefi tilefni til að afmarka svæðið sem iðnðarsvæði í stað athafnasvæðis eins og nú er stefnt að.

#### MARKMIÐ UM UMHVERFIS- OG BYGGINGARMÁL (KAFLI 2.2)

**Deilimarkmið:** Taka ber tillit til loftgæða við skipulags- og framkvæmdaáætlanir, draga skal úr útblæstri mengandi lofttegunda með því að stemma stigu við aukinni bílaumferð.

#### MARKMIÐ UM ATVINNU- OG TÆKNIMÁL (KAFLI 2.4)

**Yfirmarkmið:** Lögð skal áhersla á fjölbreytt og öflugt atvinnulíf, greiðfærar og öruggar samgöngur og vistvæn og hagkvæm veitukerfi.

**Meginmarkmið:** Stuðla skal að fjölbreytu og öflugu atvinnulífi og góðu rekstrarumhverfi fyrirtækja, m.a. með nægu framboði á vel skipulögðum atvinnusvæðum fyrir margvíslega starfsemi, góðu samgöngu- og veitukerfi og mannvænu og vönduðu búsetuumhverfi.

## **MARKMIÐ UM ATVINNU- OG TÆKNIMÁL, GATNAKERFI (KAFLI 2.4.3)**

**Meginmarkmið:** Leita skal leiða til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum af völdum bifreiðanotkunar og tryggja greiða og örugga umferð akandi, gangandi og hjólandi vegfarenda innan þeirrar.

**Deilimarkmið:** Við skipulag og útfærslu gatnakerfisins skal áhersla lögð á greiðfæra umferð á stofn- og tengibrautum og að hámarka öryggi og vellíðan fólks í umferðinni. Leitað skal leiða til að hægja á vexti bílaumferðar innan þeirrar og draga úr þeim neikvæðu umhverfisáhrifum sem fylgja mikilli bifreiðanotkun. Í þeim tilgangi skal byggt upp heilsteypt hjóreiða- og göngustígakerfi og skipulagi nýrra hverfa hagað þannig að það stuðli að minni bílaumferð en ella og styðji við almenningssamgöngur. Vanda skal allan frágang gatna og bifreiðastæða.

### **3.4.2 DEILISKIPULAG**

Ekki er til deiliskipulag svæðisins. Breytt aðalskipulag verður forsenda deiliskipulags.

### **3.4.3 NÁTTÚRUMINJASKRÁ**

Náttúruminjaskrá er listi yfir öll friðlýst svæði á Íslandi og mörg önnur merkileg svæði sem hafa ekki enn verið friðlýst. Glerárgil er ekki friðlýst en er á náttúruminjaskrá í floknum „aðrar náttúruminjar“.

**508. Glerárgil**, Akureyri, Glæsibærjarhreppi [Hörgársveit], Eyjafjarðarsýslu. (1) Árgil Glerár frá Bandagerðisbrú við Sólsvelli, upp gilið að ármótum Glerár og Hlífár. (2) Gróðurríkt gil, skógarlundir, fjölbreyttar árofsmyndanir, fossar, skessukatlar og skútar. Söguminjar.

Afmörkun á uppdrætti Umhverfisstofnunar er mjög gróf og er hún útfærð nánar í aðalskipulagi Akureyrar. Þar er tekið mið af gilbarmi Glerárgils, þar sem það á við, en einnig mannvirkjum og raski á landi og landslagi eins og á við innan skipulagssvæðisins. Innan skipulagssvæðisins hefur öllu landi verið raskað, þar á meðal bökkum Glerár. Mörk svæðis á náttúruminjaskrá verða hugsanlega endurskoðuð og aðlöguð staðháttum og landnotkun í breyttu aðalskipulagi og nýju deiliskipulagi.

### **3.4.4 VELFERÐ TIL FRAMTÍÐAR**

Í ritinu **Velferð til framtíðar, sjálfbær þróun í íslensku samfélagi. Áherslur 2010-2013**, sem er stefnumörkun Íslands um sjálfbæra þróun, eru m.a. eftirtalin markmið (númer vísa í kafla ritsins):

#### **13. Aukin nýting endurnýjanlegra orkugjafa**

- 13.1 Endurnýjanlegar orkulindir landsins verði nýttar með hagkvæmni- og umhverfis-sjónarmið að leiðarljósi.
- 13.2 Hlutfall endurnýjanlegra orkugjafa í orkunotkun þjóðarinnar verði aukið og að því stefnt að notkun jarðefnaeldsneytis verði óveruleg innan fárra áratuga. Stefnt verði að því að farartæki nýti orku sem framleidd er með endurnýjanlegum orkugjöfum eins fljótt og kostur er og hagkvæmt þykir.

- 13.4 Stuðlað verði að bættri orkunýtni.

- 13.5 Stuðlað verði að auknum eldsneytissparnaði.

#### **16. Takkörkun loftslagsbreytinga af mannavöldum**

- 16.1 Ísland taki virkan þátt í alþjóðlegu samstarfi sem miðar að því að koma í veg fyrir hættulega röskun á veðrakerfum jarðarinnar af manna völdum m.a. með því að draga úr útstreymi og auka bindingu gróðurhúsalofttegunda hér á landi.

- 16.2 Dregið verði úr notkun jarðefnaeldsneytis.

## **4. ÁHERSLUR SKIPULAGSNEFDAR**

---

Eftirfarandi eru áherslur skipulagsnefdar við breytingu á aðalskipulagi og gerð nýs deiliskipulags:

- Skipulagsnefd leggur áherslu á svæðið verði athafnasvæði grænnar orkuframleiðslu.
- Gert verði ráð fyrir áfylllingarstöð fyrir metan, sem stuðlar að nýtingu orkunnar, sem unnin verður úr gömlu sorphaugunum á Glerárdal.
- Gert er ráð fyrir að forsendur fyrir áframhaldandi atvinnustarfsemi á svæði Malar og sands verði festar og skilgreindar í skipulagi. Svæðið verði skert vegna fyrirhugaðra gatnafrmakvæmda.
- Steypustöð verði flutt af svæðinu eigi síðar en 2016.
- Leggja skal áherslu á umferðaröryggi allra vegfarenda við skipulag gatnamóta Þingvallastrætis og Miðhúsabrautar.
- Bæta skal umhverfi Glerár og ásýnd árbakkans innan skipulagssvæðisins.

## 5. ÁHRIFAMAT - UMHVERFISSKÝRSLA

Tengibrautir í þéttbýli eru tilgreindar í 2. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Framkvæmdir sem tilgreindar eru í þeim viðauka skulu háðar mati á umhverfisáhrifum þegar þær geta haft í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif vegna umfangs, eðlis eða staðsetningar.<sup>1</sup> Ef svo er skal tilkynna viðkomandi framkvæmd til Skipulagsstofnunar, sem metur m.t.t. eðlis, umfangs og staðsetningar hvort hún skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Eðli, umfang og staðsetning fyrirhugaðra framkvæmda við gatnamót Miðhúsabrautar og Þingvallastrætis (þ.e. á röskuðu landi innan þéttbýlis) gefur ekkert tilefni til að ætla að þær hafi í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif. Ekki er gert ráð fyrir því að starfsemi á þeim lóðum/svæðum, sem skipulagið nær til muni hafa umtalsverð áhrif á umhverfið.

Gerð skipulagsins, aðalskipulagsbreytingar og deiliskipulags, felur því ekki í sér heimildir til framkvæmda, sem kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og fellur þar með ekki undir lög um mat á umhverfisáhrifum nr 106/2000. Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. laga nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana fellur gerð skipulagsins því ekki undir ákvæði laga um umhverfismat áætlana.

Áhrif aðalskipulagsbreytingarinnar og deiliskipulagsins á umhverfi og samfélag verða metin eftir því sem við á og verkefnið gefur tilefni til.

### 5.1 SKIPULAGSKOSTIR

#### 5.1.1 AÐALSKIPULAGSBREYTING

Auk svæðis fyrir nýja áfyllingarstöð Norðurorku tekur aðalskipulagsbreytingin mið af starfsemi, sem fyrir er á svæðinu og hefur verið í áratugi. Miðað verður við að dregið verði úr þeirri starfsemi þar sem steypustöð verður flutt þaðan 2016. Breytingar eiga ekki við svæði eða náttúrufyrirbrigði, sem njóta verndar skv. náttúruverndarlögum en liggur að svæði á náttúruminjaskrá. Engar skráðar fornminjar eru á innan skipulagsmarka.

Í aðalskipulagi verður lega gatnamóta Miðhúsabrautar og Þingvallastrætis ákvörðuð. Skipulagskostir verða bornir saman út frá umferðaröryggi allra vegfarenda og hagkvæmni.

Mat á áhrifum skipulagsbreytingarinnar mun snúast um þekkt og fyrirsjánleg atriði í skipulagi þéttbýlis.

#### 5.1.2 DEILISKIPULAGSKOSTIR

**Metanstöð Norðurorku:** Fyrirhuguð áfyllistöð er ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Skipulagsstofnun hefur ákvarðað að gaslög vegna metanvinnslu, sem er tilkynningaskyld vegna ákvörðunar um matsskyldu, sé ekki háð mati á umhverfisáhrifum<sup>2</sup>. Skipulagsstofnun telur að áhrif á gæði vatns og andrúmslofts verði fremur lítil í nágrenni framkvæmdasvæðisins. Skipulagsstofnun bendir á í ákvörðun sinni að það sé ábyrgðarhluti að flytja og meðhöndla sprengifim gös og telur brýnt að samráð sé haft við leyfisveitendur og eftirlitsaðila með það að markmiði að halda áhættu í lágmarki. Fyrirhuguð mannvirki munu hafa óveruleg áhrif á ásýnd svæðisins. Hönnun og rekstur áfyllistöðvarinnar og hreinsistöðvar verður með þeim hætti að áhætta við meðhöndlun gass verður í lágmarki.

Lega stöðvarinnar er valin m.t.t. nálægðar við orkuuppsprettuna, þ.e. stutta flutningslögn um hreinsistöð að fjölfarinni tengibraut. Aðrir staðsetningarkostir verða ekki metnir.

**Athafnasvæði:** Hugsanlegir útfærslukostir byggingarreita og innra skipulags lóðar verða bornir saman og metnir út frá almennum skipulagsforsendum og sjónarmiðum hagsmunaaðila og Akureyrarbæjar. Afmörkun svæðis að Glerá mun taka mið af því að bæta umhverfi árinnar.

<sup>1</sup> 1. mgr. 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

<sup>2</sup> Gaslög vegna metanvinnslu á Glerárdal. Ákvörðun um matsskyldu. Skipulagsstofnun 16. maí 2012

**Gatnamót Miðhúsabrautar og Þingvallastrætis:** Í deiliskipulag verður tekin ákvörðun um útfærslu gatnamótanna, þ.e. hvort um verður að ræða hefðbundin T-gatnamót eða hringtorg. Útfærslukostir verða bornir saman út frá umferðaröryggi allra vegfarenda, hagkvæmni og nýtingarmöguleikum aðliggjandi svæða.

## 5.2 TENGSL VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR

Sjá kafla 3.4.

## 5.3 ÁHRIFAVALDAR OG UMHVERFISPÆTTIR

Áhrifavaldar	Hafa áhrif á:
<ul style="list-style-type: none"><li>Starfsemi á athafnasvæði</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>Umferð</li><li>Ásýnd svæðis</li></ul>
<ul style="list-style-type: none"><li>Áfyllistöð Norðurorku</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>Umferð</li><li>Loftmengun (jákvæð)</li></ul>
<ul style="list-style-type: none"><li>Útfærsla gatnamóta</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>Umferðaröryggi</li><li>Ásýnd svæðis</li><li>Nýtingu aðliggjandi svæða</li></ul>

## 5.4 VIÐMIÐ OG UMHVERFISVERNDARMARKMIÐ

Sjá markmið annarra áætlana í kafla 3.4. og áhersluatriði skipulagsnefndar í 4. kafla.

## **6. SKIPULAGSFERLI**

---

### **6.1 KYNNING OG SAMRÁÐ**

Með gerð lýsingar þessarar er óskað samráðs við Skipulagsstofnun um áherslur og umfang áhrifamats áætlunarinnar. Skipulagsstofnun mun því í samræmi við ákvæði laga leggja mat á lýsingu þessa og veita ráð um verklag og vinnu við gerð skipulagsins.

Lýsing skipulagsáætlunarinnar verður auglýst og kynnt í febrúar 2013 og send umsagnaraðilum. Lýsingin mun liggja frammi á vef Akureyrarbæjar [www.akureyri.is](http://www.akureyri.is).

Umsagnaraðilar:


- Skipulagsstofnun.
- Umhverfisstofnun.
- Veitustofnanir.
- Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra.
- Viðeigandi nefndir og deildir Akureyrarbæjar.

### **6.2 TÍMAÁÆTLUN**

Stefnt er að auglýsingu aðalskipulagsbreytingar og deiliskipulags í mars 2013. Athugasemda frestur verður 6 vikur.

#### **DRÖG AÐ TÍMAÁÆTLUN:**

Sjá mynd 6.1 á bls. 14.



Mynd 6.1 Drög að tímaáætlun